



Menningar- og félagastefna Sveitarfélagsins Voga

HLUTVERK

Tilgangur menningar- og félagastefnu Sveitarfélagsins Voga er að íbúar bæjarins fái notið menningar og félagsstarfs. Leiðarljós stefnunnar er að efla áhuga, löngun og möguleika bæjarbúa til að skapa menningu, njóta menningar og efla félagslegt heilbrigði bæjarbúa.

MARKMIÐ

- að Sveitarfélagið Vogar verði betri staður að búa á
- að menningar- og félagsstarf verði veigamikill þáttur í bæjarlífinu árið um kring.
- að Sveitarfélagið Vogar verði ímynd þróttmikillar menningar,
- að markvisst verði unnið að listrænu uppeldi barna og unglunga og þátttöku í frjálsum félagsstarfi.
- að upplýsingar um alla menningar- og félagsstarfsemi bæjarbúa verði aðgengilegar og vel kynntar.
- að starfsemi safna verði aukin og þess gætt að þau hafi aðráttarafi fyrir alla aldurshópa.
- að umsjón með listaverkum og menningartengdum munum í eigu bæjarins sé fagleg og viðhald þeirra reglubundið.
- að fjölmening fái notið sín
- að rækta og viðhalda sambandi við vinabæi á menningarsviðinu.

LEIÐIR

- Fjölskyldudagar eru haldnir í ágúst með fjölbreyttri dagskrá og tengdum menningarviðburðum.
- Menningaratburðir eru að jafnaði í hverjum mánuði, sem sveitarfélagið kynnir og styður með ýmsu móti.
- Menningarverðlaun eru að jafnaði veitt árlega.
- Félög sem skara frammúr í að auðga mannlíf í Vogum fá sérstaka viðurkenningu.
- Sveitarfélagið styður metnaðarfull menningarverkefni og menningarviðburði og gengst sjálft fyrir viðburðum.
- Aðstaða til námskeiða, listsköpunar, listviðburða og listsýninga í skólum og öðru húsnæði, svo sem smíðakennslustofa, vélaverkstæði, textílstofa, náttúrufræðistofa, myndmenntarstofa og föndurherbergi, eru nýtt sem best til ýmis konar námskeiða og viðburða.
- Íbúar Sveitarfélagsins Voga eru hvattir til að taka virkari þátt í samfélaginu s.s. með samstarfi við skóla bæjarins og aðrar stofnanir og með þátttöku í frjálsum félögum.
- Listræn og menningarleg sjónarmið eiga að vera sjálfsagður hluti af allri skipulagsvinnu bæjarins.
- Saga, menning og minjar bæjarins eru varðveittar og haldið á lofti á lifandi og framsækinn hátt, t.d. á vef og á minja- og bókasafni, bæði af sveitarfélaginu og frjálsum félögum.
- Bókasafnið Lestrarfélagið Baldur er öflug menningar- og upplýsingamiðstöð sem þjónar bæði grunnskólanum og öllu samfélaginu.
- Stuðlað er að þróunar- og frumkvöðlastarfsemi í tengslum við listmenntun barna og unglunga.

- Þátttaka barna og ungmenna í listtengdu námi er niðurgreidd.
- Stuðlað er að virku menningarsamstarfi milli aldurshópa, t.d. með samstarfi skólanna og eldri borgara.
- Íbúum sem koma frá öðrum menningarsvæðum er gert kleift að kynna eigin menningu og siði.
- Listamönnum er boðið að vinna að listsköpun og halda námskeið.
- Gerðir eru og endurnýjaðir reglulega samstarfssamningar við félag í bænum þar sem ýtt er undir menningarstarf á þeirra vegum.

Samþykkt í bæjarstjórn 29.06.2016